



Gerðarsafn

– lifandi vettvangur fyrir listir

Ósk um fjármagn til kaupa á verkum Gerðar Helgadóttur



Ósk um stuðning til kaupa verks eftir Gerði Helgadóttur

Gerðarsafni hefur boðist að kaupa tvö lykilverk á listferli Gerðar Helgadóttur. Verkin eru unnin árin 1952-1953 þegar Gerður vann fyrst íslenskra listamanna abstrakt skúlptúra og var hluti af þekktum listamannahópi í París sem breytti stefnu abstraktlistar.

Gerðarsafn stendur mjög sjaldan til boða að kaupa verk eftir Gerði en það hefur komið til í eitt skipti síðasta áratug.

Kaup á verkum eftir Gerði eru grunnstoð í innkaupastefnu Gerðarsafns sem tiltekur:

Að viðhalda og fylla í sérsöfn í safneigninni þ.e. Gerði Helgadóttur, Barböru og Magnús Á. Árnason og Valgerði Briem og skal þannig stuðla að sem bestu og heildstæðustu safni verka listamannanna.


Óskað er eftir styrk frá Lista- og menningaráð Kópavogs til kaupa á verkunum umfram árlegt framlag til listaverkakaupa í safneign Gerðarsafns.

Verkið Svif frá 1952

Gerðarsafni hefur boðist að kaupa verkið *Svif*, sem var hluti af annarri einkasýningu Gerðar, sem haldin var í Galerie Arnaud í París 1952. Verkið er eitt af fáum svifverkum eftir Gerði, sem eru skúlptúrar sem hanga úr lofti. Gerðarsafn á aðeins eitt svifverk eftir Gerði frá þessu tímabili listsköpunar hennar, þar sem hún vann sín fyrstu verk í járn. Í verkinu tengjast fíngerðar járnþynnur saman og upphengi verksins lætur það snúast í loftinu. Verkið er 55 x 65 x 43 cm að stærð.

Hilmar Einarsson listaverkaforvörður og eigandi forvörsluverkstæðisins Morkinskinna ehf. hefur metið verkið á 1.500.000-2.000.000,-

Seljandi er Áslaug Sverrisdóttur og kemur verkið úr einkasafni foreldra hennar, Sverris Sigurðssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttur. Áslaug hefur samþykkt að selja verkið á 1.500.000 ef fjármögnun fyrir kaupunum fæst.





Ljósmynd af einkasýningu Gerðar Helgadóttur í Galerie Arnaud í París í febrúar 1952 þar sem verkið Svif sést hanga úr lofti.

Gerður lék sér með notkun rýmisins á þessum tíma og vann verk sem stóðu beint á gólfi eða á stöflum, hangandi á veggjum eða svifu úr lofti. Í svifverkum frá 1952 lætur Gerður járnvíra eina um að afmarka rýmið í loftinu og lék sér með jafnvægi innan umgjarðarinnar og tilraunir til að fanga tómarúmið. Hugmyndin um svifið og nýtingu rýmisins hafði Gerður sótt til ameríska myndhöggvarans Alexander Calder (1898-1976).



Verkið Kompósisjón frá 1953

Gerðarsafni hefur boðist að kaupa verkið *Kompósisjón* eftir Gerði Helgadóttur. Verkið var á einkasýningu Gerðar í Gallerie Arnaud, sem var haldin í París árið 1953. Verkið er frá stefnumarkandi tímabili í listsköpun Gerðar og hafa afdrif verksins verið safninu óþekkt til þessa.


Verkið er 49 cm að hæð.

Verkið er í eigu Antoine Delerive sem eignaðist verkið fyrir rúmlega 20 árum síðan. Verkið er núna staðsett í Frakklandi.

Hilmar Einarsson listaverkaforvörður og eigandi forvörsluverkstæðinu Morkinskinna ehf hefur metið verkið á 2.000.000-2.500.000 kr.

Hilmar telur þetta verk mjög mikils metið og telur mikinn áhugi kaupenda fyrir þessu verki.

Lagt er til að seljanda séu boðnar 2.000.000 fyrir verkið ef fjármögnun fæst.



Ljósmynd af einkasýningu Gerðar Helgadóttur í Galerie Arnaud í París 1953 þar sem verkið *Kompósisjón* sést á stöpli í hægri kanti.

Járnverk Gerðar frá árunum 1952-53 eru frá blómaskeiði í listferli hennar. Gerður er þá hluti af framsækinni myndlist í Evrópu og hefur stefnumótandi áhrif á höggmyndalist héraðs. Á þessum árum er Gerður í brennidepli evrópsku listhreyfingarinnar og hlýtur mikið lof fyrir sýningar á verkum sínum víðsvegar í Evrópu og á Íslandi.



Ósk um fjármagn til kaupa verkanna

Óskað er eftir stuðningi frá Lista- og menningaráði til kaupa verkanna, umfram árlegan styrk til kaupa á listaverkum í safneign Gerðarsafns.

Heildarverðmat verkanna er 3.500.000,- sem nemur heildarupphæð Gerðarsafns fyrir innkaup í safneign ár hvert.

Með viðbótarfjármagni til kaupa verka Gerðar er Gerðarsafni gert kleift að styðja við samtímalist við almenn innkaup í safneign Gerðarsafns í lok árs.

Verkin *Svif* og *Kompósisjón* eru gríðarlega mikilvæg viðbót við safneign Gerðarsafns. Verk Gerðar frá þessum umbrotatíma í hennar listsköpun eru fá, þau eru einstök og hafa mikið listfræðilegt gildi.